

38. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði , aukafundur 06.03 2020, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Eiríkur J. Kjerúlf. Undir 8. lið mættu frá Búnaðarfélagi Fljótsdalshrepps Anna Bryndís Tryggvadóttir, formaður og Þorsteinn Pétursson ritari.

Dagskrá

1. Málafni er varða oddvitaskipti , framkvæmdastjórn og nefndaskipan sveitarfélagsins

2. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Fljótsdalshrepps

3. Viðauki 1 við fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2020

4. Skýrsla fráfarandi oddvita

5. Bréf

a) Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga , 3 bréf dags. 10. 02 2020

b) Landeigendur í Suðurdal, tölvupóstur 11.02 2020

c) Gunnlaugur Ólafsson, tölvupóstur 25.02 2020

d) Ásmundur Þórarinsson, tölvupóstur 25.02 2020

e) UNICEF ICELAND , Marín Rós Eyjólfssdóttir verkefnastjóri 30.01 2020

f) Ársalir bs , tölvupóstur 26.02 2020

g) Anna Bryndís Tryggvadóttir, 4 tölvupóstar dags. 02.03 2020

6. Umhverfisstyrkir

Bjarki Jónsson, Víðivöllum ytri 2

7. Menntastyrkir

Þórhallur Jóhannsson

8. Fundargerðir

a) Brunavarnir á Héraði 20.02 2020

b) HAUST 18.02 2020

c) Ársalir 20.02 2020

d) Upphéraðsklasinn 17.02 2020

e) Húsnefnd Végarðs 12.02 2020

f) Almannavarnarnefnd Austurlands 31.01 og 07.02 2020

- g) Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands 26.02, ásamt afriti af bréfi starfsmanna dags. 25.02
- h) Samfélagsnefnd 27.02 2020

9. Viðræður við stjórn Búnaðarfélags Fljótsdalshrepps um skemmubyggingu (kl. 16:00)

10. Önnur mál

Jóhann nýkjörinn oddviti byrjaði á að þakka Gunnþórunni fráfarandi oddvita fyrir vel unnin störf fyrir sveitarfélagið frá árinu 2001. Sérstaklega skal minnst á árin þegar virkjunarframkvæmdir stóðu yfir og mikið var umleikis hjá sveitarfélaginu. Á virkjunartímabilinu þurfti sveitarstjórn oft að taka erfiðar ákvarðanir og aldrei var þeim ákvörðunum hnekkst sem má túlka sem trausta stjórnýslu.

1. Málafni er varða oddvitaskipti, framkvæmdastjórn og nefndaskipan sveitarfélagsins

Jóhann F. Þórhallsson oddviti tekur til máls og upplýsir að hann muni ekki taka við starfi fráfarandi oddvita sem sveitarstjóri sveitarfélagsins.

Eftir umræður var svohljóðandi bókun samþykkt:

Sammæli er um að fráfarandi oddviti, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, starfi áfram sem sveitarstjóri á grundvelli fyrirbyggjandi ráðningarsamnings þar til annað verður ákveðið. Oddvita, fráfarandi oddvita og varaoddvita er falið að höfðu samráði við lögmann sveitarfélagsins að undirbúa tillögur um hvernig framkvæmdastjórn og nefndaskipan sveitarfélagsins skuli hagað við þær breyttu aðstæður sem felast í því að oddviti er ekki lengur jafnframt sveitarstjóri. Stefnt er að því að tillögur um þessi efni verði til umræðu og afgreiðslu á lokuðum aukafundi sveitarstjórnar sem haldinn verði mánudaginn 16. mars nk. kl. 16:30.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Vegna oddvitaskipta þarf að tilnefna nýjan fulltrúa sveitarfélagsins á aðalfund Sambands Íslenskra sveitarfélaga 26.3.2020. Samþykkt að framkvæmdarstjóri tilkynni að Jóhann F. Þórhallsson oddviti verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.

2. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Fljótsdalshrepps

Sveitarstjórn er með í skoðun að breyta samþykktum sveitarfélagsins í þá veru að fjarfundir verði heimilaðir á fundum sveitarstjórnar og nefnda. Í dag myndi heimild til fjarfunda í samþykkt sveitarfélagsins takmarkast af skyldu sveitarstjórnar- og nefndarmanna til að vera staddir innan marka sveitarfélagsins þegar fundað er, sbr. sveitarstjórnarlög og leiðbeiningar ráðherra um framkvæmd fjarfunda.

Þar sem í frumvarpi að lögum um breytingu á sveitarstjórnarlögum sem liggur fyrir á Alþingi, er að finna aðeins rýmra ákvæði um fjarfundi, en í núgildandi lögum, er samþykkt að bíða með endurskoðun á samþykkt sveitarfélagsins þar til séð verður hvort ofangreind breyting á sveitarstjórnarlögum tekur gildi.

Samþykkt samhljóða

3. Viðauki 1 við fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2020

Sveitarstjórn leggur til eftirfarandi viðauka við fjárhagsáætlun 2020

Deild 924. Deiliskipulag/Svæðisskipulag (Aðalsjóður): Útgjöld umfram það sem gert var frá fyrir í fjárhagsáætlun: Samningur við TGJ . Könnun um íbúðabyggð og athafnasvæði kr. 5.000.000.. Gjöld samtals kr. 5.000.000,-

Deild 1141. Umhverfismál. Endurbætur á Hengifosstíg (Aðalsjóður). Útgjöld umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun : Efniskaup og vinna . Gjöld samtals kr. 7.000.000,-

Deild 31 (Eignasjóður) Hlutafjárkaup . Útgjöld umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 7.000.000,-. Gjöld samtals kr. 7.000.000,-.

Nettóbreying viðauka nemur kr. 19.000.000,-, Viðaukanum verður mætt með lækkun á handbæru fé um 19.000.000,- kr.

Viðauki samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

4. Skýrsla fráfarandi oddvita

Lárus sat í forföllum oddvita aðalfund Miðvangs 6, 13.02 2020

Rannsóknarsetur um sveitarstjórnarmál er að hefja ítarlega rannsókn á starfsaðstæðum sveitarstjórnarfólks á Íslandi.

Íbúafundur um byggingu iðnaðarhúsnæðis í Fljótsdal var haldinn 26.02, fundurinn var vel sóttur og skilaði fundurinn af sér tillögu til sveitarstjórnar um málið. 13. febrúar var almennur fundur í Végarði um Sláturfélag Austurlands og Austurlamb, Sigurjón Bjarnason flutti þar erindi. Á þeim fundi sem er hluti af verkefninu Fögur framtíð í Fljótsdal (Fimmtudagskvöld í Fljótsdal) var einnig ágætt mæting. Þá sýndu íbúar konudagserindi á Skriðuklaustri „Hampur til sjálfbærni“ áhuga með mætingu og umræðu, svo ljóst að málefni er varða atvinnustarfsemi og nýsköpun er íbúum hugleikin.

Almannavarnarnefnd Austurlands og viðbragðsaðilar funda vikulega vegna Kórónuveiru og undirbýr viðbrögð og verkferla fari svo að veiran berist til Austurlands.

Fyrirtæki, félög og stofnanir þurfa flest hver að bregðast við vegna fyrirmæla frá RSK um skráningu „raunverulegra eigenda“. Laugargarður ehf sem er að fullu í eigu Fljótsdalshrepps, er skv. upplýsingum frá endurskoðanda sveitarfélagsins undanþegið slíkri kröfu.

5. Bréf

a) Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga , 3 bréf dags. 10. 02 2020

Fyrst bréf varðar jafnvægisreglu og skyldu sveitarstjórnar, um að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.

Í bréfi númer tvö óskar Eftirlitsnefndin eftir sundurliðun um einstök verkefni sem flokkast í reikningskilum sem fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum. Nefndin óskar eftir nánari upplýsingum um framgang þessara verkefna, með samanburði við fjárhagsáætlun ársins 2019.

Í þriðja bréfi er óskað eftir mati á hvaða áhrif áætlaðar fjárfestingar hafa á fjárhag sveitarfélagsins.

Kynnt.

Óskað hefur verið eftir fresti að svara. Sveitarstjóra falið í samráði við endurskoðanda að leggja upp drög að svörum. Stefnt að taka svör til umfjöllunar á sveitarstjórnarfundi í byrjun apríl.

- b) Landeigendur í Suðurdal, tölvupóstur 11.02 2020.

Varðar vegabætur í Suðurdal inn að Þorgerðarstöðum. Oddvita falið að vinna að framkvæmd málsins og sækja um í Styrkvegasjóð vegna þessa.

- c) Gunnlaugur Ólafsson, tölvupóstur 25.02 2020.

Sveitarfélagið er jákvætt og lýsir yfir áhuga varðandi uppbyggingu gönguleiðar úr Lóni yfir í Fljótsdal. Sveitarstjóra falið að veita jákvæða umsögn.

- d) Ásmundur Þórarinsson, tölvupóstur 25.02 2020.

Sveitarstjórn þakkar fyrir áhuga Ásmundar á að aðstoða við refaveiðar í sveitarfélaginu. Eins og staðan er núna eru engin veiðisvæði á lausu í sveitarfélaginu.

- e) UNICEF ICELAND , Marín Rós Eyjólfsdóttir verkefnastjóri 30.01 2020.

Varðar barnvæn sveitarfélög og Innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Kynnt

- f) Ársalir bs , tölvupóstur 26.02 2020.

Boðað er til aðalfundar Ársala bs þriðjudaginn 10. mars 2020 kl. 14:00. Gunnþórunn mætir á fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.

- g) Anna Bryndís Tryggvadóttir, 4 tölvupóstar dags. 02.03 2020

Óskað er eftir því að sveitarstjórn gefi Búnaðarfélagi Fljótsdalshrepps leyfi til að hafa lögheimili skráð í Végarði. Félagið er starfandi í Fljótsdal, í félaginu eru flestir heimilisfastir í Fljótsdal og eðlilegt að það fái aðsetur á skrifstofu hreppsins.

Skoða þarf hvort þetta samræmist lögum Búnaðarfélagsins. Ef það samræmist lögum félagsins sér sveitarstjórn ekkert til fyrirstöðu að færa lögheimilið í Végarð.

Einnig óskar Anna Bryndís eftir upplýsingum um sorpmál. Sorphirðudagatal er að finna á eftirfarandi slóð

https://www.fljotsdalur.is/images/stjornsysla/gagnabanki/annad/Sorphirudagatal_2020.pdf

Sveitarstjóra falið að svara spurningum Önnu Bryndísar.

Anna Bryndís óskar eftir að fá upplýsingum um hverjir tengjast vatnsveitu frá Melakróki á Skriðuklaustri og hvernig skipting er á kostnaði við hana.

Oddvita falið að skoða málið.

Jóhann vék af fundi vegna vanhæfi

Að lokum biður Anna Bryndís hreppsnefnd að taka til skoðunar að breyta reglum um námsstyrki ungmenna eða gera undanþágu þegar nemendur neyðast til að færa lögheimili sitt til útlanda vegna náms.

Oddvita falið að skoða málið og koma með tillögu að breytingum.

Jóhann kom aftur til fundar

6. Umhverfisstyrkir

Bjarki Jónsson á Víðivöllum Ytri 2 sækir um umhverfisstyrk fyrir 2020.

Samþykktur hámarksstyrkur.

Jóhann vék af fundi vegna vanhæfi

7. Menntastyrkir

Þórhallur Jóhannsson.

Samþykktur hámarksstyrkur.

Jóhann kom aftur til fundar

Samþykkt að breyta röð dagskrárliða og taka lið 9. á undan lið 8.

Anna Bryndís Tryggvadóttir og Þorsteinn Pétursson mættu til fundar

8. Viðræður við stjórn Búnaðarfélags Fljótaldalshrepps um skemmubyggingu

Búnaðarfélagið er jákvætt fyrir skemmubyggingu. Stjórn félagsins ætlar að bera áætlanir um bygginguna undir sína félagsmenn á aðalfundi og í framhaldinu tilkynna sveitarstjórn um niðurstöðuna.

Anna Bryndís Tryggvadóttir og Þorsteinn Pétursson yfirgáfu fundinn

9. Fundargerðir

- a) Brunavarnir á Héraði 20.02 2020.

Kynnt.

- b) HAUST 18.02 2020.

Kynnt.

- c) Ársalir 20.02 2020.

Kynnt.

- d) Upphéraðsklasinn 17.02 2020.

Kynnt.

- e) Húsnefnd Végarðs 12.02 2020.

Kynnt.

- f) Almannavarnarnefnd Austurlands 31.01 og 07.02 2020.

Kynntar.

- g) Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands 26.02, ásamt afriti af bréfi starfsmanna dags. 25.02.

Kynnt.

- h) Samfélagsnefnd 27.02 2020.

Kynnt.

10. Önnur mál

- a) Eiríkur bar upp mál varðandi ferð sveitarstjórnar og byggingarnefndar upp í Fjallaskarð síðastliðið haust. Með í ferðinni var Hallgrímur Þórhallsson og spurning er um hvort hann eigi eða hafi fengið greitt fyrir vinnu og/eða keyrslu vegna fundarins.

Oddvita og sveitarstjóra falið að kanna málið.

- b) Lárus sagði frá hugmyndum sem Tandraberg á Eskifirði hefur nefnt um tilraunarverkefni sem gengur út á að standsetja kyndistöð sem notar viðarperlur til húshitunar í Végarði. Lárusi falið að skoða málið.

Fundi slitið klukkan 17:56

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)